

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 274/2024

2025/EES/25/23

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2063 frá 30. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2049 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2061 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað safá úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safí úr stilkum Ashitaba) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2062 frá 30. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu olíu úr *Schizochytrium* sp. sem er auðug af dókósa-hexensýru og eikósapentensýru ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2067 frá 31. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1321/2013 að því er varðar að fella færslur SF-001 til SF-010 brott úr skrá Sambandsins yfir leyfð reykbragðefni á forstigi framleiðslu ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2101 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2102 frá 30. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar skilyrði fyrir notkun á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa og að því er varðar nákvæma skilgreiningu á nýfæðinu 2'-fúkósýllaktósa sem er framleiddur með afleiddum stofni *Escherichia coli* BL-21 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2105 frá 31. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2063, 31.7.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2063/oj>

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2049, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2049/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2061, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2061/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2062, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2062/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2067, 1.8.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/905/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2101, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2101/oj

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2102, 31.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2102/oj

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2105, 1.8.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/2105/oj>

- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 10) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 254. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2047):

- „255. **32024 R 2049**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2049 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium limacinum* (TKD-1) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/2049, 31.7.2024).
256. **32024 R 2061**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2061 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað safá úr stilkum plöntunnar *Angelica keiskei* (safá úr stilkum Ashitaba) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/2061, 31.7.2024).
257. **32024 R 2063**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2063 frá 30. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L; 2024/2063, 31.7.2024).
258. **32024 R 2101**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2101 frá 30. júlí 2024 um leyfi til að setja á markað olíu úr *Schizochytrium* sp. (CABIO-A-2) sem nýfæði og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L; 2024/2101, 31.7.2024).
259. **32024 R 2105**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2105 frá 31. júlí 2024 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L; 2024/2105, 1.8.2024).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 84. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2013):

- „– **32024 R 2067**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2067 frá 31. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2067, 1.8.2024).“

3. Eftirfarandi undirliður er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470):

- „– **32024 R 2049**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2049 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2049, 31.7.2024),
- **32024 R 2061**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2061 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2061, 31.7.2024),
- **32024 R 2062**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2062 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2062, 31.7.2024),
- **32024 R 2101**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2101 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2101, 31.7.2024),
- **32024 R 2102**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2102 frá 30. júlí 2024 (Stjtið. ESB L; 2024/2102, 31.7.2024).“

2. gr.

Teksti reglugerðar (ESB) 2024/2063 og (ESB) 2024/2105 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2049, (ESB) 2024/2061, (ESB) 2024/2062, (ESB) 2024/2067, (ESB) 2024/2101 og (ESB) 2024/2102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.